

Reglur um ferðþjónustu fatlaðra í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. Tilgangur ferðþjónustu fatlaðra í Sveitarfélaginu Skagafirði er að gefa fötluðum íbúum sveitarfélagsins kost á að stunda atvinnu og nám sbr. 35. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Jafnframt skulu fatlaðir eiga rétt á ferðþjónustu á vegum sveitarfélagsins vegna aksturs á þjónustustofnanir skv. 1. – 4. tölul. 9. gr. og vegna annarrar sértækrar þjónustu sem er veitt fötluðum sérstaklega. Ennfremur skal stuðlað að því að gefa fötluðum tækifæri til að njóta tómsunda.
2. Íbúar í Sveitarfélaginu Skagafirði sem hafa tímabundið aðsetur en eiga ekki lögheimili í Skagafirði eiga kost á þjónustunni ef sveitarfélag það sem viðkomandi á lögheimili í er tilbúið að taka þátt í kostnaði vegna aksturs.
3. [Frá árinu 2009 er gjald er ekki tekið vegna akstursþjónustu fatlaðra á dagvinnutíma¹].
4. Aðrir (sjúkir, aldraðir) sem nauðsynlega þurfa á akstursþjónustu að halda geta sótt um hana til Félagsþjónustunnar og greiða fyrir sama gjald og aðrir.
5. Þjónustubíll heldur uppi reglubundinni þjónustu á Sauðárkróki. Sérsmningar verða gerðir um akstur í dreifbýli og verður þörfin metin hverju sinni. Þegar slíkir smningar eru gerðir, skal að jafnaði hafa hliðsjón af reglum Tryggingastofnunar ríkisins um þátttöku í ferðakostnaði innanlands, í þeim tilvikum þegar greiddur er kostnaður samkvæmt kílómetragjaldi.
6. Notendur þjónustunnar sækja um almenna heimild til að nýta ferðþjónustuna á þar til gerðu eyðublaði fyrir hvert tímabil, vor og haust, og skila því til skrifstofu Félagsþjónustunnar. Við mat á þjónustubörf skal jafnan við það miðað að notaður sé sá ferðamáti sem almennur er á viðkomandi svæði sé þess kostur.
7. Sérstakt gjald verður greitt fyrir akstur um helgar og á virkum dögum eftir kl. 18.00 og eftir kl. 16.00 á föstudögum. Skal við það miðað að tekið sé gjald sem stendur undir kostnaði af launa- og

eldsneytiskostnaði. Þeir sem vilja nýta sér þjónustu bílsins á kvöldin og um helgar skulu að jafnaði sækja um það með eins dags fyrirvara hjá bílstjóra eða Félagsþjónustunni.

Gildir frá 1. janúar 2005.

Reglurnar samþykktar á fundi félagsmálanefndar 6. janúar 2003 og staðfest á fundi sveitarstjórnar 14. janúar 2003.

¹ Gjaldtaka afnumin með afgreiðslu sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun 2009 sbr. samþykkt félags- og tómstundanefndar 4. nóvember 2008.